

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 27. september 2019
UST201908-234/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting á aðalskipulagi Bláskógarbyggðar 2015 -2027 - Vatsleysa

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 27. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Bláskógarbyggðar 2015 – 2027 vegna Vatsleysu.

Í greinargerð kemur fram að breytinginn gengur út á að 2 ha frístundasvæðis (F67) verði landbúnaðarland. Auk þess kemur fram að landeigandi hyggst nýta um 4 ha land, sem er birkiskógur, vestan við lóðina til landbúnaðar.

Sérstök vernd

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er ekki vitað um náttúrufríbærni sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun telur að birkiskógurinn sem er að hluta til innan svæðisins sem breytingin nær til falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. (sjá vefsíða Skógræktarinnar á www.skogur.is)

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd birkiskógar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufrírbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að hluti svæðisins nýtur hverfisverndar vegna birkikjarrs og þá eru skilmálar á því að byggingarframkvæmdum skuli haldið í lágmarki.

Líkt og áður sagði kemur fram í tillögunni að landeigandi hyggst nýta um 4 ha land vestan við lóðina til landbúnaðar, en landið er nú birkiskógur undir hverfisvernd en ekki kemur fram í tillögunni hverskonar landbúnaður sé fyrirhugaður. Umhverfisstofnun bendir á að ef breytingartillagan gerir ráð fyrir röskun á birkiskógi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og geri grein fyrir öðrum kostum sem

skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í gildandandi aðalskipulagi er skógurinn sem breytingartillagan nær til undir hverfisvernd og í greinargerð segir að heimilt er að grisja náttúrulegan skóg og gera göngustíga um hann. Umhverfisstofnun bendir á að hluti fristundasvæðis (F67) er í birkiskógi sem fellur undir 61. gr náttúruverndarlaga sem fjallar um sérstaka vernd.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda, þar með talið göngustígagerð, sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúru-minjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan til 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega líkt og áður sagði og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.


Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Vistgerðir

Í greinargerð breytingartillögunnar kemur fram að skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið flokkað sem graslendi, votlendi og mólendi og þar finnast vistgerðirnar víðikjarrvist, gulstararflóavist og starungsmýrarvist, sem allar eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir með mjög hátt verndargildi. Í umhverfismati segir að á svæðinu finnist vistgerðir með hátt verndargildi og er möguleiki að þeim verði raskað við framkvæmdir og því eru áhrif á gróður metin neikvæð.

Í 2. gr. laga nr.60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að leitað verði leiða til að takmarka rask vistgerða með hátt verndargildi og mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir eru farnar til að ná markmiði 2. gr náttúruverndarlaga.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rákel Kristjánsdóttir
sérfræðingur